

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2015****2016/EES/42/02****frá 30. apríl 2015****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/708/ESB frá 9. október 2014 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekin svæði í Póllandi séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/130 frá 26. janúar 2015 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Kína til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:
„– **32014 D 0708**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/708/ESB frá 9. október 2014 (Stjtið. ESB L 295, 11.10.2014, bls. 60).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 99. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/514/ESB) í hluta 4.2:
„100. **32015 D 0130**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/130 frá 26. janúar 2015 um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Kína til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2015, bls. 20).
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvæðana 2014/708/ESB og (ESB) 2015/130, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 295, 11.10.2014, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 21, 28.1.2015, bls. 20.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.